

Sjötti fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2022 – 2023

Miðvikudaginn 7 desember 2022 kl. 09:00

Mættar: Guðbjörg Pálsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, Anna Kristín B. Jóhannesdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir Ásdís M. Finnbogadóttir og Hulda Björg Óladóttir.

Gestir: Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri Fíh, Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs, Harða Júlía Sævarsdóttir sérfræðingur í kjaramálum, Harpa Ólafsdóttir starfandi sviðstjóri á kjara- og réttindasviði, Eva Hjörtína Ólafsdóttir kjararáðgjafi, Ari Brynjólfsson kynningarstjóri og Sigríður Elín Ásmundsdóttir ritstjóri.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð fimmta fundar stjórnar Fíh

Afgreiðsla: Samþykkt.

Til umræðu:

2. Fjárhagsáætlun Fíh fyrir 2023.

Fjármálastjóri kynnti fyrir stjórn fjárhagsáætlun á sjóðum Fíh fyrir árið 2023. Jafnframt voru ræddir ávöxtunarmöguleikar á lausu fé félagsins.

Afgreiðsla: Umræður. Samþykkt var að formaður, varaformaður og gjaldkeri stjórnar klára yfirferð áætlunarinnar með fjármálastjóra. Fjárhagsáætlun verður síðan kynnt á næsta stjórnarfund í janúar 2023 til samþykktar. Samþykkt var að fjármálastjóri myndi kanna frekar ávöxtunarmöguleikana á lausu fé.

3. Fréttir frá fagsviði

Sviðsstjóri fagsviðs fór yfir verkefni sem fram undan eru. Er enn að vinna í greiningarvinnu og úrvinnslu gagna frá hjúkrunarþingi 2022 fyrir aðgerðaráætlun sem verður gerð kjölfarið. Fór yfir undirbúning aðalfundar 2023 og alþjóðadag hjúkrunarfræðinga þann 12. maí 2023.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn mun koma að greiningarvinnu og úrvinnslu gagna frá hjúkrunarþinginu.

4. Fréttir frá kjara og réttindasviði

Starfsfólk kjara- og réttindasviðs kynntu fyrstu drög að kröfugerð Fíh. Jafnframt var nánar farið tölfræði tengda kjaramálum.

Afgreiðsla: Umræður.

5. Starfsáætlun stjórnar

Rætt um starfsáætlun stjórnar.

Afgreiðsla: Formaður vinnur frekar í verkefninu og kynnir fyrir stjórn á nýju ári.

6. Ímyndarherferð – áætlun

Ari Brynjólfsson kynningarstjóri og Sigríður Elín Ásmundsdóttir ritstjóri kynntu fyrstu tillögur að fyrirhugaðri ímyndarherferð á nýju ári, m.a. í tengslum við komandi kjarasamninga.

Afgreiðsla: Umræður.

7. Minnisblað til stjórnar vegna stöðu Styrktarsjóðs

Formaður kynnti minnisblað frá styrktarsjóði. Miðað við fjölda umsókna í sjóðinn má reikna með áframhaldandi tapi sem er áætlað að verði um 60 milljóna krónur árið 2023 ef ekki dregur úr umsóknum. Tillögur stjórnar styrktarsjóðs eru að halda óbreyttum rekstri sjóðsins eða skerða úthlutunarreglur á sjúkradagpeningum og heilsuræktarstyrkjum til að draga úr áætluðu tapi. Staða sjóðsins verður síðan metin eftir sex mánuði.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn samþykkti að halda óbreyttum rekstri á styrktarsjóði og verður fjármagnið til rekstursins tryggt með láni úr öðrum sjóðum félagsins. Þessi tímunktur er ekki talinn réttur til að draga úr styrkveitingum til félagsmanna sem þurfa á styrkjum að halda sem aldrei fyrr.

8. Nýjar úthlutunarreglur Starfsmenntunarsjóðs

Eva Hjörtína Ólafsdóttir kynnti nýjar úthlutunarreglur starfsmenntunarsjóðs. Styrkurinn verður hækkaður úr 240 þúsund í 350 þúsund á 24 mánaða tímabili á næsta ári.

Afgreiðsla: Umræður. Úthlutunarreglurnar fara fyrir stjórn starfsmenntunarsjóðs í næstu viku og að öllu óbreyttu mun stjórn Fíh samþykkja þær í framhaldinu.

9. Erindi frá Orlofsnefnd vegna hugsanlegra kaupa á sumarhúsi

Erindið barst ekki frá Orlofsnefnd og var því ekki tekið fyrir.

Önnur mál:

10. Bréf frá Royal College of Nursing (RCN) vegna stuðnings við verkfall

RCN sendi Fíh þakkabréf fyrir stuðninginn í nýafstöðnu verkfalli breskra hjúkrunarfræðinga.

Afgreiðsla: Umræður.

11. Hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsfólks í vinnu hjá ríkinu

Formaður fór yfir kynningu sína um áform um lagasetningu um hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsfólks í vinnu hjá ríkinu á fundi Öldungadeildar 17. nóvember síðastliðinn.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn lýsir yfir áhyggjum sínum á frumvarpinu og eru sláandi tölur yfir nú þegar starfandi hjúkrunarfræðinga á aldrinum 60-75 ára. Því er lítið sóknarfæri þar fyrir yfirvöld að ætla að fleiri hjúkrunarfræðinga til starfa.

12. Nýtt lógo frá fagdeild hjartahjúkrunarfræðinga

Formaður kynnti ósk frá fagdeild hjartahjúkrunarfræðinga um breytingu á nýju lógói fagdeildarinnar.

Afgreiðsla: Samþykkt nýtt lógó.

Stjórnarfundur slitið kl: 15:00

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 25. janúar 2023.

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, ritari Fíh